

Aðalfundur Leiknar

Haldinn þriðjudaginn 7. júní á TEAMS

Fundurinn hófst kl. 10:00. Mætt á aðalfundinn voru fulltrúar frá eftirtöldum fræðsluáðilum:

SÍMEY: Helgi Þ. Svavarsson og Valgeir B. Magnússon

Fræðslusetrið Starfsmennt: Guðfinna Harðardóttir

Fræðslunet Suðurlands: Eyjólfur Sturlaugsson

Félagsmálaskóli alþýðu, ASÍ: Eyrún Valsdóttir

Framvegis: Vigdís Þyri Ásmundsdóttir

RAFMENTT: Þór Pálsson

Mímir: Sólveig Hildur Björnsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Fjóla María Lárusdóttir

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Helgi Þ. Svavarsson, formaður, setti fundinn, bauð fundarfólk velkomið og lagði til að Fjóla María Lárusdóttir yrði skipuð ritari og að formaður stýrð fundi. Báðar tillögur voru samþykktar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður gerði grein fyrir starfsemi Leiknar sl. ár og flutti skýrslu stjórnar. Í máli formanns kom eftirfarandi fram:

- Stjórn fundaði sjö sinnum á árinu, þar af voru sex fjarfundir. Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum.
- Auglýstir voru fjórir styrkir til námsferða aðildafélaga (Erasmus plús nám og þjálfun). Ein umsókn barst og þarf því að skila til Rannís miklum hluta styrksins. Covid hafði mikil áhrif þar á. Stjórn Leiknar hafði á áætlun að fara í námsheimsókn til Danmerkur sem ekki varð úr vegna Covid.
- Leikn tók þátt í fundi um stöðu framhaldsfræðslunnar, ásamt Kvasi, með fulltrúum Menningar- og menntamálaráðuneytis og Fjármálaráðuneytis.
- Gerð var bókun vegna innrásar Rússlands í Úkraínu og stuðningi við flóttafólk tengt stuðningi aðildarsamtaka EAEA (Evrópsku samtökin um nám fullorðinna) og birt á heimasíðu Leiknar.
- Fulltrúar úr stjórn Leiknar áttu fund með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra og fulltrúum ráðuneytisins þann 28. apríl. Á fundinum afhenti Leikna minnisblað varðandi mikilvægi, stöðu og þróun mála í fullorðinsfræðslu.

- Könnun var gerð meðal félaga Leiknar þar sem bent var á að gagnlegt væri að efla nýtingu samfélagsmiðla fyrir efni.
- Facebook síða Leiknar er virk og hefur nú 233 fylgjendur á móti 219 í fyrra.
- Alþjóðlegt samstarf:
 - Fjarfundur í norrænu samstarfsneti og gefin ástandsskýrsla.
 - Formaður tók þátt í ársfundi á vegum EAEA, í streymi 22. Júní um *digitalisation*, sem formaður sótti og sá síðari í Belgíu sem Þór og Helgi sóttu í júní. Þar var lögð áhersla á *transformative learning* sem er áhersla EAEA á þessu ári.
- Þrjú aðildarfélög sögðu sig úr samtökunum. Þau eru Námsflokkar Hafnarfjarðar, Námsflokkar Reykjavíkur og Símenntun LBHÍ.
- Umræður um framtíð og þróun Leiknar – samtalið hefur snúist um að finna leiðir til að fjölga aðildarfélögum þannig að Leikn hafi burði til að vera það afl sem stuðlar að þróun og gæðum í fullorðinsfræðslu á breiðum grundvelli. Mögulega gæti Leikn ráðið starfsmann í hlutastarf sem sinnir sérstaklega miðlun og nýliðun (10 ára markmið).
- Auka á og efla faglega umræðu innan samtakanna m.a. með þátttöku í gerð Grænbókar og Hvítbókar um framhaldsfræðslu á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðherra. Hún er í bígerð á þessu ári og væntum þess að fá boð í þá vinnu.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins

Vigdís, gjaldkeri Leiknar fór yfir reikninga félagsins.

Þar kom fram að Tekjur voru 1,2 milljónir en rekstrargjöld 664.041

Rekstrarafgangur ársins 2021 var því 535.959 fyrir fjármagnsliði.

Ástæða þessa rekstrarafgangs er að fundarkostnaður var lítill vegna Covid takmarkana.

Eign í árslok voar 4.241.185 kr. En þar af eru 1.8 milljónir á gjaldeyrisreikning sem geymir styrk til Erasmus verkefna. Þessi upphæð mun að mestu leyti verða endurgreiddur til Rannís í haust vegna þess að ekki var hægt að nýta styrkinn frá Rannís vegna Heimsfaraldursins.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Hugmynd var lögð fram um að hver miðstöð fengi 5-7 mínútur til að kynna sig á vettvangi Leiknar, sinn helsta markhóp og viðfangsefni. Þannig gæti Leikn stuðlað að yfirsýn yfir vettvanginn fyrir aðildarfélög. Þannig væri líka hægt að tengja í auknum mæli inn starfsfólk fræðsluáðila. Þetta gæti komið í stað fræðsluerinda.

Með aukinni aðkomu að EAEA væri hægt að virkja aðgengi að fyrirlesurum sem kæmu með örfyrirlestra á netinu fyrir aðildarfélög Leiknar til að efla fræðslustarf.

Markmið að fá fleiri aðildarfélög

5. Fjárhags og rekstraráætlun, ákvörðun um árgjald

Óbreytt félagsgjald þetta ár sem verður sent út á næstu önn, verður áfram 60.000 krónur.

Árgjöld 60.000 krónur.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar verða að þessu sinni.

7. Kosning formanns

Helgi Þ. Svavarsson gaf kost á sér áfram sem formaður. Ekkert mótframboð kom fram og var Helgi kosinn formaður áfram.

8. Kjör stjórnar

Núverandi stjórn gefur öll kost á sér áfram og var sú tillaga samþykkt. Í stjórn sitja því áfram Helgi Þ. Svavarsson, Símei; Þór Pálsson, Rafmennt; Eyrún Valsdóttir, Félagsmálaskóla alþýðu; Kjartan Jónsson, Múltí Kúltí, Vigdís Þyrí Ásmundardóttir, Framvegis og Fjóla María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

9. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru Guðrún Lárusdóttir og Ólafur Ástgeirsson og var lagt til að svo verði áfram. Tillagan var samþykkt einróma.

Formaður/fundarstjóri þakkaði fyrir fundinn og sleit fundi kl. 10:30. Fundarritari Fjóla María Lárusdóttir.